

LÖG**um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60 1. júní 1984.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:***1. gr.**

Við 62. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Sveitarfélög eiga forkaupsrétt á íbúðum sem byggðar voru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, enda hafi ríki og sveitarfélög lánað til kaupa þeirra íbúða og þau lán verið til 40 ára eða lengri tíma. Þar sem sérstakar matsnefndir hafa ekki verið skipaðar til að meta kaupverð slíkra íbúða við gildistöku laga þessara skulu sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða tilnefna hvor sinn mann í tveggja manna matsnefnd til að meta verð til seljenda þessara íbúða. Skal við matið taka fullt tillit til þeirra matsreglna sem gilt hafa við kaup íbúðanna. Óski sveitarstjórn eftir því er heimilt að endurfjármagna íbúðir þessar við endursölu skv. 49. gr. þessara laga. Sveitarstjórn getur samþykkt að gefa út kvaðalaust afsal fyrir þessum íbúðum áður en 30 ára eignarhaldstími er liðinn. Um íbúðir þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 106/1970, um sölu á íbúðum sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

*Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1985.***Vigdís Finnbogadóttir.***(L. S.)*

Alexander Stefánsson.